

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Samkvæmt 5. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur ráðherra þann 5. mars 2013 staðfest aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028.

Með erindi frá Skipulagsstofnun dags. 16. júlí 2012 barst ráðherra tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Var í erindinu lagt til við ráðuneytið að það synjaði eða frestaði að hluta skipulagstillögunni staðfestingar, sbr. 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum er tillagan að mati ráðuneytisins ekki haldin form- eða efnisgalla, sbr. 4. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009-2025 frá 22. desember 2010.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 5. mars 2013.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*